

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 53/2017

2018/EES/81/08

frá 17. mars 2017

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1936 frá 4. nóvember 2016 um að samþykkja kalsíumoxíð (brennt kalk) sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2 og 3 ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 12zzzzg (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1950) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„12zzzzh. **32016 R 1936**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1936 frá 4. nóvember 2016 um að samþykkja kalsíumoxíð (brennt kalk) sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2 og 3 (Stjútíð. ESB L 299, 5.11.2016, bls. 48).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/1936, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 18. mars 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 17. mars 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(¹) Stjútíð. ESB L 299, 5.11.2016, bls. 48.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.